

Rannsókn á fyrirhuguðu hlutafjárútbóði Reykjavík Energy Invest lokið

Þann 10. október 2007 birtist frétt á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) þar sem sagði að 569 starfsmenn Orkuveitunnar hefðu skráð sig fyrir kaupum á hlutafé í Reykjavík Energy Invest hf. (REI) fyrir samtals kr. 167,9 milljónir. Í fréttinni sagði enn fremur að stjórn REI hefði í kjölfar erindis frá starfsmannafélagi Orkuveitu Reykjavíkur (STOR) ákveðið að bjóða starfsmönnum Orkuveitunnar að kaupa hluti í félaginu fyrir allt að kr. 300.000 hver, á genginu 1,278. Var tilgangurinn að styrkja gott samstarf milli fyrirtækjanna.

Samkvæmt 22. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003¹ (vvl.), er almennt útbóð verðbréfa háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laganna. Engin slík lýsing hafði verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu, en brot gegn ákvæðinu geta varðað viðurlögum.

Rannsókn Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að til hefði staðið að stofna sérstakt félag, STOR ehf., utan um eign starfsmannanna í REI. Félagið hafði hins vegar ekki verið stofnað þegar fallið var frá fyrirhuguðu útbóði.

Með vísan til þess að fallið var frá fyrirhuguðu útbóði á frumstigi var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ekki væri tilefni til frekari aðgerða vegna málsins.

¹ Nú 44. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.